Minnisblað

Móttakandi: Til sveitarstjórna og þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem málið varða

Dags.: 21. nóvember 2023

Sendandi: Helgi Aðalsteinsson

Málsnr.: 2308027SA
Málalykill: 01.21

Efni: Ný spá Hagstofu og forsendur

Sambandið sendi frá sér minnisblað um forsendur fjárhagsáætlana 2023-2026 í ágúst sl. Minnisblaðið byggði að verulegu leyti á spá Hagstofu Íslands um efnahagsþróun til næstu ára sem stofnunin birti í lok júní sl. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árin 2023 til 2026 hafa verið lagðar fram í sveitarstjórnum. Forsendur flestra byggja á framangreindri júní spá Hagstofu og hugsanlegt að gera þarf breytingar á þeim milli umræðna.

Í minnisblaðinu kom fram að Hagstofa myndi birta nýja spá í haust og sambandið myndi í kjölfarið senda út stutt minnisblað um spána og fleira. Frá því spáin var gefin út hafa efnahagsforsendur breyst nokkuð. Hagstofa gaf út nýja spá 17. nóvember sl. Þar er fyrst og fremst um að ræða að draga mun úr vexti einkaneyslu, töluverðum samdrætti er spáð atvinnuvegafjárfestingu og fjárestingu í íbúðarhúsnæði auk þess sem gert er ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera muni dragast saman um 8,1% í ár. Ný spá Hagstofu um helstu þætti efnahagsmála er sýnd í neðangreindri töflu, til samanburðar eru niðurstöður júní spá 2023 í sviga.

Spá Hagstofu um þróun efnahagsmála 2023-2027

	2023	2024	2025	2026	2027
Einkaneysla	1,7 (2,3)	1,9 (2,2)	2,4 (2,7)	2,6 (2,5)	2,6 (2,5)
Samneysla	1,8 (2,0)	1,6 (1,7)	0,8 (0,8)	1,0 (0,3)	1,0 (0,9)
Fjármunamyndun	-0,7 (2,3)	0,4 (3,4)	3,9 (1,9)	4,6 (4,2)	1,1 (1,1)
Atvinnuvegafjárfesting	1,7 (3,5)	1,9 (3,7)	3,6 (1,6)	5,1 (4,8)	1,1 (1,3)
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	-1,3 (5,2)	-4,1 (3,2)	5,4 (3,2)	4,1 (3,1)	3,6 (3,0)
Fjárfesting hins opinbera	-8,1 (-5,3)	0,5 (2,1)	2,9 (1,0)	3,4 (3,4)	-2,3 (-2,2)
Þjóðarútgjöld, alls	1,4 (2,5)	1,5 (2,3)	2,3 (2,0)	2,6 (2,3)	1,8 (1,8)
Útflutningur vöru og þjónustu	6,2 (8,3)	3,7 (3,3)	3,0 (2,8)	2,8 (3,0)	3,3 (3,4)
Innflutningur vöru og þjónustu	1,6 (5,1)	2,3 (2,8)	2,4 (2,0)	2,5 (2,3)	1,9 (1,8)
Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)	**3,6 (4,0)**	**2,1 (2,5)**	**2,6 (2,4)**	**2,7 (2,6)**	**2,5 (2,5)**
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,5 (3,7)	4,0 (4,0)	4,2 (4,1)	4,1 (4,1)	4,1 (4,1)
Vísitala neysluverðs (verðbólga)	8,7 (8,7)	5,6 (4,9)	3,6 (3,0)	2,8 (2,6)	2,5 (2,5)
Kaupmáttur launa	0,9 (0,2)	1,1 (0,9)	1,0 (1,1)	1,6 (1,4)	1,6 (1,6)
Launavísitala	9,6 (8,9)	6,7 (5,8)	4,6 (4,1)	4,4 (4,0)	4,1 (4,1)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

- Að mati Hagstofu mun draga úr vexti á einkaneyslu eftir mikinn vöxt undanfarin tvö ár til skemmri tíma en þó er gert ráð fyrir vaxandi einkaneyslu á spátímanum í heild sinni samhliða minnkandi verðbólgu.
- Þar sem dregið hefur úr vexti í innflutningi á fjárfestingarvöru og veltu í byggingariðnaði, auk þess sem fjármögnunarskilyrði hafa versnað, eru skýrar vísbendingar uppi um hægari vöxt atvinnuvegafjárfestingar á næstunni.
- Á síðasta ári dróst fjárfesting í íbúðarhúsnæði saman um 6,2%, annað árið í röð, eftir kraftmikinn vöxt árið 2016-2019. Augljós merki eru uppi um að hægt hafi á umsvifum í byggingariðnaði undanfarna mánuði og gert ráð fyrir að íbúðarfjárfesting dragist saman um 1,3% í ár og 4,1% á næsta ári en taki svo við sér síðar á spátímanum.
- Spáð er að hagvöxtur yfirstandandi árs verði 3,6%. Utanríkisviðskipti eru talin verða megindrifkraftur hagvaxtar á árinu en vægi innlendrar eftirspurnar verði minna verið hefur síðustu árin. Reiknað er með hægari umsvifum á næsta ári með minni vexti útflutnings og að hagkerfið vaxi um 2,1%. Tekið er sérstaklega fram að óvissa ríkir um áhrif á spána vegna jarðhræringa á Reykjanesi undanfarið.
- Verðbólga á yfirstandandi ári verður um 8,7% að mati Hagstofunnar og telur að hún muni hjaðna hægt á næstu árum. Talið er að innflutt verðbólga verði minni þar sem verðbólga í helstu viðskiptaríkjum hefur hjaðnað nokkuð hratt og gera spár alþjóðastofnana ráð fyrir hóflegri verðbólguþróun á næstu árum. Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir minnkandi vexti í hagkerfinu og minni spennu á vinnumarkaði og að verðbólga hjaðni á næsta ári og verði um 5,6%, lækki í 3,6% árið 2025 og gert er ráð fyrir að verðbólga nálgist svo verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands eftir það.
- Helstu óvissuþættir í tengslum við spána[1] :
    - Jarðhræringar á Reykjanesi
    - Niðurstöður kjarasamninga
    - Verðbólguþróun innanlands og erlendis
    - Alþjóðlegar efnahagshorfur
    - Stríðsátök í Úkraínu og fyrir botni Miðjarðarhafs

Spá Hagstofu er í takti við spár greiningadeilda bankanna að undanförnu.

HA

[1] Forsendur þjóðhagsspár Hagstofu byggja á gögnum sem lágu fyrir undir lok október 2023.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026